



UMHVERFISSTOFNUN

Reglur um varnarefni á Íslandi

Elín G. Guðmundsdóttir
Umhverfisstofnun
eling@ust.is



Varnarefni - eitrefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju

Reglugerð nr. 50/1984

Skilgreining: Varnarefni eru notuð til að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri eða til þess að stýra vexti plantna, þar með talin spírun.

Þau skiptast í:

- ➔ Plöntulyf
- ➔ Stýriefni
- ➔ Illgresiseyða
- ➔ Útrýmingarefni ⇒ Sæfiefni
reglugerð nr. 1101/2004





Flokkar varnarefna

Plöntulyf eru notuð til að verja plöntur gegn óþrifum, s.s. sveppum, örverum, skordýrum og öðrum smádýrum

Stýriefni eru notuð til að stýra vexti plantna eða hluta þeirra eða til að draga úr öndun og spírun uppskorinna plantna eða plöntuhluta

Illgresiseyðar eru notaðir til að halda óæskilegum plöntum í skefjum með því að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann

Útrýmingarefni (\Rightarrow **Sæfiefni**) eru notuð til að eyða ýmsum meindýrum í híbýlum manna, á víðavangi, í matvælaframleiðslu, samgöngutækjum, geymslum, vöruskemmmum o.s.frv.



Hættuflokkun varnar- og sæfiefna

Reglugerð nr. 236/1990:

Hættuflokkar: T_x T X_n C X_i
 N_x E F_x F O

Einnig notað fyrir almenna efnavöru. Flokkun tekur mið af eiginleikum efnanna

Reglugerð nr. 50/1984:

Hættuflokkar: X A B C
eitur hættuleg efni

Notað eingöngu fyrir varnarefni. Flokkun tekur mið af eiginleikum efnanna og magni/stærð umbúða \Rightarrow ekki sambærilegir flokkar



Merkingar varnar- og sæfiefna

Merkingar á íslensku. Upplýsingar sem fram skulu koma, sbr. reglugerð nr. 236/1990, m.a.:

- Heiti eiturefna og hættulegra efna
- Upplýsingar um framleiðanda, innflytjanda/umboðsaðila á EES
- Varnaðarmerki
- Hættusetningar
- Varnaðarsetningar



Auk þess sérákvæði um merkingar, sjá reglugerð nr. 50/1984, m.a.:

- Heiti og styrkur virkra efna - óháð hættuflokkun
- Notkunarvið
- Notkunarleiðbeiningar og skammtastærð
- Uppskerufrestir



UMHVERFISSTOFNUN

Yfirlit yfir varnarefni

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota varnarefni hér á landi nema efnið hafi verið skráð til þeirra nota hjá umhverfisstofnuneyti

Yfirlit yfir plöntulyf, illgresiseyða, stýriefni og útrýmingarefni


Uppfært á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

www.ust.is /Efni og efnavörur

Nú eru u.þ.b. 115 varnarefni á skrá

Innihalda u.þ.b. 70 mismunandi virk efni

Undanþágur frá skráningu vegna sérstakra vandamála eða vegna tilrauna





Kaup og sala varnarefna

Einstaklingar - Kaup á varnarefnum

- ➔ Flokkar X og A; 18 ára, skilgreind þörf, hæfniskröfur, leyfisskírteini, undirritun
- ➔ Flokkur B; undirritun
- ➔ Flokkur C; engar sérstakar takmarkanir

Söluaðilar - Sala varnarefna

- ➔ Flokkar X, A og B; leyfi umhverfisaráðherra, að undangengnu eftirliti Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits ásamt umsögn frá Umhverfisstofnun





Dæmi um notkun varnarefna á matjurtir

Plöntulyf

- Í gróðurhúsum: t.d. gegn blaðlús, mjöllús og sveppasjúkdómum
- Útiræktun: t.d. gegn kálflugu í rófna- og kálrækt og sveppasjúkdómum á kartöflum

Stýriefni

- Eftir uppskeru: t.d. gegn spírur kartaflna

Illgresiseyðar

- Gegn illgresi í útiræktun alhliða matjurta



Útrýmingarefni

- Í geymsluhúsnæði: efni gegn rottum, músum og öðrum meindýrum, minni hættu á að efnin berist í matjurtir